

AUGLÝSING

um bann við innflutningi frá Danmörku vegna Newcastle-veiki.

1. gr.

Með vísan til þess að komið hefur upp Newcastle-veiki í Danmörku er bannað að flytja til landsins, lifandi fugla, frjóegg og hvers konar afurðir alifugla frá Danmörku.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsingin er tilkynnt í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/34/EB um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. Auglýsing þessi öðlast gildi 6. ágúst nk. og gildir til 6. september 2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 1. ágúst 2002.

F. h. r.

Níels Árni Lund.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmadóttir.